

# Almennileg undirstaða til að byggja ofan á

- Hvaða réttindi ávinna sjóðfélagar sér með greiðslum í Almenna lífeyrissjóðinn?
- Hvernig eru réttindin frábrugðin öðrum lífeyrissjóðum?

Samsetning lífeyrisréttinda í Almenna lífeyrissjóðnum er öðruvísi en í flestum öðrum lífeyrissjóðum. Markmið sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum sveigjanleika um töku eftirlauna en einnig að verja þá og fjölskyldur þeirra fyrir fjárhagslegum áföllum vegna starfsorkumissis eða fráfalls. Þriðjungur af lágmarksiðgjaldi í Almenna lífeyrissjóðinn greiðist í séreignarsjóð en algengast er að lágmarksiðgjald greiðist allt í samtryggingarsjóð. Inneign í séreignarsjóði er laus til útborgunar við 60 ára aldur og geta sjóðfélagar ráðið hvort þeir taka inneignina út í einu lagi eða dreifa úttektinni á lengri tíma. Inneign í séreignarsjóði erfist við fráfall og eykur það fjárhagslegt öryggi aðstandenda.

Margir halda að það komi niður á réttindum í samtryggingarsjóði að einungis tveir þriðju hlutar lágmarksiðgjalds greiðist í sjóðinn og að réttindi séu minni en í hefðbundnum lífeyrissjóðum. Svo er ekki og réttindi í samtryggingarsjóði Almenna lífeyrissjóðsins eru mjög góð.

- Sjóðfélagar geta hafið töku ævilangs ellilífeyris á aldrinum 60 til 70 ára.
- Örorkulífeyrir er greiddur til 70 ára aldurs ef sjóðfélagar missa starfsorku. Fjárhæð örorkulífeyris í Almenna lífeyrissjóðnum er með því besta sem þekkist meðal lífeyrissjóða.
- Makalífeyrir er greiddur til maka við fráfall sjóðfélaga í 2,5 ár og lengur ef sjóðfélagi á barn undir 20 ára aldri eða ef makinn er öryrki og yngri en 67 ára.
- Barnalífeyrir er greiddur til barna yngri en 20 ára við fráfall eða við starfsorkumissi sjóðfélaga. Fjárhæð barnalífeyris er tvöfalt hærri en lágmarkslífeyrir samkvæmt lögum (í mars 2011 var fjárhæð barnalífeyris 28.075 kr. á mánuði). Ef barn látins sjóðfélaga á ekki foreldra á lífeyri er greiddur tvöfaldur barnalífeyrir.

Taflan sýnir nánari upplýsingar um lífeyrisréttindi í Almenna lífeyrissjóðnum.

## Lífeyriréttindi í Almenna lífeyrissjóðnum

<b>Séreignarsjóður</b>	Inneign er laus til útborgunar frá 60 ára aldri. Við starfsorkumissi er séreignarsjóður greiddur út á sjóð árum.	Fjárhæð til úttektar ræðst af innborgunum og ávöxtun. Viðbótariðgjald greiðist allt í séreignarsjóð og þriðjungur af lágmarksiðgjaldi.
<b>Ellilífeyrir</b>	Greiddur til æviloka. Hægt er að hefja töku ellilífeyris úr samtryggingarsjóði á aldrinum 60–70 ára.	Fjárhæð lífeyrisgreiðslna ræðst af iðgjöldum sem greitt er af í sjóðinn. Miðað er við að sjóðfélagi sem greiðir í 40 ár ávinni sér ellilífeyrisréttindi frá 70 ára aldri sem nema 56% af þeim launum sem hann greiðir af á starfsævinni.
<b>Örorkulífeyrir</b>	Greiddur ef orkutap er metið 50% eða meira. Greiddur til 70 ára aldurs og þá hefjast greiðslur ellilífeyris.	Fjárhæð miðast við áunnin lífeyrisréttindi og framreiknuð réttindi ef sjóðfélagi uppfyllir ákveðin skilyrði (réttindi sem myndu ávinnast með greiðslum til 65 ára aldurs)
<b>Makalífeyrir</b>	Greiddur við fráfall sjóðfélaga. Fullur makalífeyrir er greiddur a.m.k. í tvö ár og helmingur í eitt ár til viðbótar. Makalífeyrir er greiddur lengur ef yngsta barn er yngri en 20 ára eða ef maki er 50% öryrki og yngri en 67 ára.	Makalífeyrir er helmingur af fjárhæð örorkulífeyris.
<b>Barnalífeyrir</b>	Greiddur með börnum sem óvinnufær eða látinn sjóðfélagi hefur haft á framfæri. Greiddur til 20 ára aldurs barns.	Fjárhæð með hverju barni var 28.075 kr. í mars 2011. Eigi barn látins sjóðfélaga hvorki foreldri né kjörforeldri á lífi er greiddur tvöfaldur barnalífeyrir (58.150 kr. í mars 2011).

Nánari upplýsingar eru í samþykktum sjóðsins



### Þrátt fyrir góð réttindi er mikilvægt að þekkja stöðu sína og gera ráðstafanir til að bæta hana ef þarf.

- Fylgstu með inneign og réttindum þínum á sjóðfélagavef Almenna lífeyrissjóðsins. Safnaðu saman upplýsingum um réttindi í öðrum lífeyrissjóðum. Einnig um annan sparnað sem þú ætlar að nota til að bæta við eftirlaunin.
- Ef það stefnir í að eftirlaun verði lægri en markmið þarf að auka sparnað. Nýttu þér heimildir til viðbótarlífeyrissparnaðar og ef það dugir ekki til skaltu safna því sem vantar með reglulegum sparnaði.
- Skoðuðu hvort þú ert nægjanlegja tryggð/ur gegn tekjumissi vegna skertar starfsorku. Duga örorkulífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóðum og aðrar tryggingar sem þú nýtur til að framfleyta þér og fjölskyldu þinni ef þú missir starfsorku? Ef ekki skaltu gera ráðstafanir til að bæta við þig persónuþryggingum. Hagkvæmasta leiðin er að kaupa viðbótartryggingar með milligöngu séreignarsjóðs. Almenni lífeyrissjóðurinn býður sjóðfélögum að kaupa afkomuþryggingu frá Sjóvá.
- Farðu yfir hvaða bætur yrðu greiddar til fjölskyldu þinnar ef þú féllir frá. Ef þú telur að bæturnar dugi ekki til að tryggja fjárhagslegt öryggi fjölskyldunnar skaltu bæta við þig lífþryggingu og kaupa hana beint af lífþryggingafélagi.

Eftirlaunabætur í Almenna lífeyrissjóðnum geta ráðið hvort þeir taka hærrí lífeyri á fyrri hluta eftirlaunaáranna eða hvort þeir dreifa greiðslum jafnt til æviloka. Þeir geta líka sótt sér aukagreiðslur úr séreignarsjóði þegar þeim hentar, t.d. ef þeir fara í ferðalag, vilja bjóða ættingum í afmælisveislu, kaupa sér nýja tölvu, o.s.frv.

Aðstandendur sjóðfélaga í Almenna lífeyrissjóðnum njóta góðra trygginga ef sjóðfélagi fellur frá. Til viðbótar við séreignarsjóð sem erfist fær maki greiddan makalífeyri og börn undir 20 ára aldri fá greiddan barnalífeyri sem er tvöfalt hærrí en í hefðbundnum lífeyrissjóði. Ef sjóðfélagi

lætur eftir sig börn en ekki maka erfa börnin séreignarsjóðinn og fá barnalífeyri sem er fjórfalt hærrí en í venjulegum lífeyrissjóði.

Þrátt fyrir góð lífeyrisréttindi og séreignarsjóð, sem tryggir sveigjanleika og áhættudreifingu, ber hver og einn ábyrgð á sjálfum sér og sínum eigin fjárhag. Við hvetjum því sjóðfélaga til að fylgjast vel með inneign og réttindum og gera ráðstafanir ef þeir vilja bæta stöðuna. Spyrjið allra spurninga sem þarf að spyrja og hikið ekki við að biðja starfsfólk sjóðsins um að aðstoða ykkur. Við viljum aðstoða.



### Hvernig getur Almenni aðstoðað þig?

- Almenni lífeyrissjóðurinn býður sjóðfélögum að hitta ráðgjafa á **stöðufundi** um lífeyrisréttindi. Á stöðufundinum er farið yfir réttindin sjóðfélaga og bent á leiðir til að bæta við eftirlaunin og verjast áföllum vegna örorku eða fráfalls. Þú getur pantað stöðufund hér.
- Á **sjóðfélagavef** Almenna lífeyrissjóðsins getur þú fylgst með inneign í séreignarsjóði og réttindum í samtryggingarsjóði.
- Á **sjóðfélagavefnum** hefur þú aðgang að Lyklinum sem er lífeyrisreiknivél með ráðgjöf. Þar getur þú skráð lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóðum og fylgst þannig með hvernig gengur að safna upp eftirlaunum og ná markmiðum um tekjur í starfslok. Þar finnur þú einnig ráðleggingar um viðbótartryggingar og getur sótt um líf- og heilsuþryggingar hjá Sjóvá.

Fræðslugreinar Almenna lífeyrissjóðsins eru skrifaðar með hliðsjón af upplýsingum sem liggja fyrir á hverjum tíma. Sjóðurinn og starfsmenn hans bera ekki ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli efnis og upplýsinga sem birtist í greinum. Lesendum er ráðlagt að kynna sér málin vel og fá ráðgjöf og upplýsingar frá fleiri en einum aðila áður en ákvarðanir eru teknar.